

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi

Erindi nr. P 130/512

komudagur 8.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, 254. mál.


Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein á ráðstöfun fjár úr sjóði vegna ólögmæts sjávarafla ekki að takmarkast við hafrannsóknir og eftirlit eins og nú er heldur getur ráðherra ráðstafað fé úr sjóðnum til ýmissa gæluverkefna sem hann hefur. Verði þessi breytingatillaga stjórnvalda að lögum, sbr. einnig 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, 255. mál, er þar með verið að skerða verulega það fjármagn sem nú rennur til Hafrannsóknastofnunarinnar og er notað til rannsókna. Sjómannasamband Íslands mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar eins og greinin gerir ráð fyrir og hafnar alfarið þeirri breytingu á lögumum sem í greininni felst.

Um 2., 3., 4. og 5. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessar greinar.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson